

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 197/2018

2021/EES/15/25

frá 21. september 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2119 frá 22. nóvember 2017 um gerð vöruskrár ESB yfir iðnaðarvörur eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4ao (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1872) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„4ap. **32017 R 2119:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2119 frá 22. nóvember 2017 um gerð vöruskrár ESB yfir iðnaðarvörur eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 325, 8.12.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/2119, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 325, 8.12.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.